

1

9

9

7

Veididagbók



VEIDISTJÓRAEMBÆTTIÐ

HEFUR RJÚPAN VERIÐ Í ÚTRÝMINGARHÆTTU VEGNA SKOTVEIÐA?

Parf að fækka fálkum til þess að halda uppi stórum rjúpnastofni fyrir veiðimenn? Hafa orðið breytingar í stofnsveiflum rjúpunnar vegna ýmissa aðgerða manna? Var stytting veiðitímans 1993 verndun? Þessum spurningum er leitast við að svara í þessari bók. Auk þess má finna í bókinni ýmsan annan fróðleik um þennan umdeildasta fugl á Íslandi fyrr og síðar.

Bókin kostar aðeins 1500 krónur
auk sendingarkostnaðar



Upplýsingar og pantanir:

Sími: 471-1648, farsími: 854-6446, fax: 471-2548

GPS GALDRATÆKID FRÁ



GARMIN

...í bílinn, sleðann og á göngu

Haftækni

...ÖRYGGI Í ÖBYGGÐUM

Hvannavellir 14 b • 600 Akureyri • Sími: 462-7222

Efnisyfirlit

bls

Leiðari

2

Refa-og minkaveiðar 1996

3

Vöktun rjúpnastofnsins

6

Rjúpnamerkingar

9

Sníkjudýr í rjúpum

12

Aldurs-og kyngreining rjúpu

14

Vængir veita upplýsingar

16

Fuglamerki-hvað á að gera við þau?

18

Veiðidagbók veiðimannsins

20

Fríðlýst svæði

28

Kort af fríðlýstum svæðum

30

Áskorun frá Skotveiðifélagi Íslands

32

Rannsóknir á gæsnum og öndum

33

Boð og bonn

38

Fullnýting gæsa

42

Aldursgreining gæsa

45

Veiðikortakerfið

47

Veiðistjóraembættið gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.
Veiðistjóraembættið

Hafnarstræti 97, 600 Akureyri, s. 462 2820 bréfsími 462 2325 NMT 854 2992

Heimasíða: www.nattfs.is/veidi Tölvupóstur: veidist@nattfs.is

Hönnun forsiðu: Örn Viðar Erlendsson s. 552 4164

Ljósmynd á forsiðu: Jóhann Óli Hilmarsson

Umbrot og hönnun: Ólafur William Hand s. 551 4111 og 564 0063

Prentað í Ásprent/POB Akureyri s. 462 4966

Ritstjóri: Aki Armann Jónsson, verkefnisstjóri veiðikorta

Abyrgðarmaður: Ásbjörn Dagbjartsson, veiðistjóri

Sérstakar þakkir fær Sigurbjörg Prastardóttir fyrir góðar ábendingar



Refur og minkur

ÁSBJÖRN DAGBJARTSSON VEIÐISTJÓRI

Samkvæmt reglugerð nr. 437/1995 um refa- og minkaveiðar skal veiðistjóri árlega birta yfirlit um veiðarnar og kostnað við þær. Þar sem Veiðidagbók veiðistjóraembættisins kemur út í byrjun hvers árs er hún kjörin vettvangur til að birta þær upplýsingar.

SKRÁNING Á VEIÐI

Á síðasta ári var tekin upp nákvæm skráning á fjölda vinnustunda sem varið var til veiðanna svo og eignum kílómetrum. Þetta

var gert í þeim tilgangi að fá mælikvarða á sókn og þar með að geta metið veiði á sóknareiningu. Út frá þessum upplýsingum verður einnig hægt að bera saman tölur milli svæða og jafnvel veiðimanna og fylgjast með þróun milli ára.

Ríkisvaldið hóf að beita sér af auknum þunga fyrir refa- og minkaveiðum árið 1957 jafnframt því að taka á sig meginhluta kostnaðar. Frá sama tíma eru til nákvæmar veiðitölur sem veiðistjóraembættið hefur séð um að skrá.

Árið 1996, allt landið

	Refur	Minkar
Veidd dýr...	2.924	5.753
Vinnustundir	36.860	13.426
Eknir km.	90.460	65.550
Kostnaður, milljónir kr.	37,0	21,9
Kostnaður pr. veitt dýr.	12.687	3.822
Vinnustundir pr. veitt dýr.	12,6	2,3
Eknir km. pr. veitt dýr.	30,9	11,4

Ágætu veiðimenn!

Í skoðanakönnun sem fylgdi með veiðiskýrslu seinasta árs kom í ljós að það var helst þrennt sem veiðimenn töldu helstu kostina við veiðikortakerfið. Í fyrsta lagi voru það veiðitölurnar að sjálfsögðu, í öðru lagi aukði efirlit með veiði og í þriðja lagi veiðidagbókin. Í ljósi þessarar niðurstöðu ákváðum við að gefa hana út í annað sinn og vanda jafnvel enn betur til útgáfunnar. Okkur bárust margar ábendingar um efni í bókina og vil ég nota tækifærið og þakka fyrir þær allar. Reyndar var erfitt að velja og hafna en eftirfarandi tillögur hlutu náð fyrir okkar augum:

1. Kort yfir friðlýst svæði.
2. Vefsíðu www.nattfs.is/veidi
3. Friðunartöflu.
4. Veiðitölur seinasta árs.
5. Stofnstærðir veiðidýra.
6. Yfirlit yfir veiðikortakerfið.

Samstarfið við veiðikorthafa hefur verið mjög ánægjulegt. T.d. voru um 78-80% veiðimanna sem tóku þátt í litla umhverfisátakinu okkar og sendu veiðiskýrsluna til baka í sama umslagi. Önnur nýjung er happdrættið okkar þar


sem skilvísium veiðikorthöfum er umbunað. Í fljótu bragði virðist sem mun fleiri skýrslum verði skilað á réttum tíma í ár en í fyrra. Talandi um nýjungar, það er engin stofnun með stofnunum í dag nema hún haldi úti vefsíðu. Við erum einmitt núna að hanna vef fyrir embættið og er slóðin www.nattfs.is/veidi

Ég hvet menn til að kíkja á síðuna og koma með ábendingar, þær eru ávallt vel þegnar.

Hægt er að senda inn veiðiskýrslu og sækja um veiðikort á vefnum en einnig er hægt að nálgast þar ýmsar upplýsingar varðandi veiði. Í lokin vil ég þakka öllum þeim sem auglýsa í þessari bók, því bókinn er algerlega á þeirra kostnað. Ég vil sérstaklega þakka Bókaútgáfunni Iðunni sem lánaði okkur efni úr bókinni "Skotveiðar í íslenskrá náttúru".

Með ósk um fengsælt og slysalaut veiðiár.

*Áki Ármann Jónsson,
verkefnisstjóri veiðikorta*



Línurit 1. Línuritíð sýnir fjölda veiddra refa á ári frá 1957-1996.

REFAVEIÐIN 1996

Fyrstu tvo áratuginna eftir 1957 (línurit 1) dróst refaveiðin jafnt og þétt saman, en um miðjan áttunda áratuginn virtist stofninn hafa aðlagast þessu aukna veiðiálagi. Veiðin tók að vaxa á ný allt til ársins 1994 en þá var hún orðin svipuð eða heldur meiri en hún var í upphafi. Síðustu tvö árin hefur veiðin dregist saman á ný. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróuninni næstu ár, hvort aftur er hafið samdráttartímabil eða hvort veiði í kring um 3.000

dýr á ári sé afrakstursgeta stofnins og veiðin verði eitthvað í námunda við þá tölu framvegis.

MINKAVEIÐIN 1996

Minkaveiðin er sveiflukenndari. Hún hefur náð hámarki á 5 - 7 ára fresti (línurit 2) og hafa topparnir farið síhækkandi. Síðasta hámark var árið 1993 en lágmark á árinu 1995. Þetta línurit bendir til þess að minkurinn sé ennþá í sókn, stofninn fari stækkandi og hann sé ennþá að nema land. Þær opinberu aðgerðir sem



Línurit 2. Línuritíð sýnir fjölda veiddra minka á ári frá 1957-1996.

beitt hefur verið til að halda stofninum í skefjum virðast ekki hafa náð að hefta útbreiðslu hans.

GREIÐSLUR 1997

Samkvæmt ákvörðun Alþingis lækkar sú upphæð sem varið verður til refaveiða um 12 milljónir króna á árinu 1997. Ekki var rætt um neinar breytingar á minkaveiðunum.

Þetta veldur því að taka verður allt fyrirkomulag refaveiðanna til endurskoðunar. Þeirri endurskoðun er ekki lokið þegar þessar línur eru skrifaðar, svo

ekki er hægt að birta viðmiðunartölur endurgreiðslu vegna veiðanna eins og í síðustu veiðidagbók. Þetta er bagalegt, en reynt verður bæta úr því með því að tilkynna hlutaðeigandi eftir öðrum leiðum hver niðurstaðan verður.

*Ásbjörn Dagbjartsson,
veiðistjóri*

Vöktun rjúpnastofnsins

ÓLAFUR KARL NIELSEN
NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



Rjúpnarannsóknir hafa verið stundaðar á Náttúrufræðistofnun Íslands um árabíl. Einn liður í þessum rannsóknum er vöktun rjúpnastofnsins, en tilgangurinn með vöktun er að hafa á hverjum tíma bestu fáanlegu upplýsingar um ástand hans. Í þessum tilgangi eru ákveðnir stofnþættir rjúpnar mældir árlega. Þeir eru:

1. Fjöldi karra á afmörkuðum talningasvæðum á vori.
2. Aldurshlutföll í stofninum á vori.
3. Fjöldi stálpaðra unga á kvenfugl síðsumars.
4. Aldurshlutföll í stofninum á veiðitíma.

Út frá þessum upplýsingum má átta sig á stofnbreytingum milli ára og reikna afföll fullorðinna

fugla og ungra. Vöktunin er í sjálfu sér langtíma verkefni og sumir af þessum þáttum hafa verið mældir í meira en 30 ár. Skoðum þetta nánar.

VORTALNINGAR OG STOFNBREYTINGAR

Karratalningar 1996 voru á 6 svæðum á Norðausturlandi, í Hrísey á Eyjafirði og á einu svæði á Suðvesturlandi (Úlfarsfell). Talið hefur verið á sömu svæðum á Norðausturlandi á hverju vori síðan 1981, í Hrísey frá 1963, en Úlfarsfell var fyrst talið 1995. Ýmsir áhugamenn eða samtök hafa staðið fyrir rjúpnatalningum víða um land, meðal annars á Kvískerjum í Örafum, en þar hefur verið talið samfellt frá árinu 1963, auk þess á tveimur svæðum í Skagafirði, tveimur svæðum á

Héraði, í Heiðmörk ofan Reykjavíkur, á Lyngdalsheiði í Þingvallasveit, í Dagverðarnesi á Fellsströnd og Skálmarfirði í Barðastrandarsýslu.

Talningar byggjast á því að sama svæðið er heimsótt á svipuðum tíma ár eftir ár og allir heimilisfastir karrar taldir. Með samanburði milli ára sjást breytingar á stofnstærð rjúpnar og þessar talningar eru eini kvarðinn sem við höfum á þennan mikilvæga stofnþátt.

Samtals sáust 119 karrar á talningasvæðunum á Norðausturlandi vorið 1996. Samanburður við fyrri ár sýnir að stofninn var í hámarki á árinu 1986 og síðan var samfellt fækkun í lágmark á árunum 1993 og 1994 en síðan hefur stofninn stækkað (*mynd 1*). Talningar á öðrum svæðum hafa gefið svipaða mynd.

ALDURSHLUTFÖLL AÐ VORI

Safnað var dauðum rjúpum til greiningar úr fálkahreiðrum og allar fullvaxnar rjúpur sem fangaðar voru til merkinga í maí til júlí aldursgreindar. Aldurshlutföll að vori hafa verið athuguð á Norðausturlandi á

hverju ári frá 1981, en hvergi annars staðar á landinu. Hlutfall ársgamalla fugla var 60% vorið 1994 en 76% vorið 1995 og aftur 1996. Allgott samband er milli stofnbreytinga og hlutfalls ársgamalla fugla að vori, í fjölgunarárum er afkoma ungfugla yfir veturinn góð og hlutfall þeirra í vorstofninum því hátt. Hlutfall ársgamalla fugla vorið 1995 og 1996 var mjög hátt og svipað og í mestu fjölgunarárum áður.


UNGAFRAMLEIÐSLA

Rjúpuungatalningar voru framkvæmdar síðsumars 1996 á Norðausturlandi eins og gert hefur verið á hverju ári frá því 1981. Í samvinnu við veiðihunda-deild Hundaræktarfélags Íslands voru hliðstæðar talningar hafnar á Suðvesturlandi sumarið 1995. Þetta eru einu unगतalningarnar sem framkvæmdar eru hér á landi. Á Norðausturlandi er talið á utanverðu Tjörnesi og í nágrenni Mývatns. Á Suðvesturlandi var talið í nágrenni Reykjavíkur (Heiðmörk, Hólmsheiði, Úlfarsfell). Meðalfjöldi unga per kvenfugl hefur verið hár. Á Norðausturlandi 1994 til 1996 var

Þessi tala 9,0, 8,5 og 9,2 ungar/kvenfugl. Á Suðvesturlandi var meðalfjöldi unga á kvenfugl 8,2 1995 og 6,9 1996. Reynslan hefur sýnt að yfirleitt er afkoma unga góð yfir sumarið, flestir kvenfuglar eru með unga og hóparnir eru stórir.

ALDURSHLUTFÖLL AÐ HAUSTI

Aldurshlutföll á veiðitíma eru mælikvarði á ástand stofnsins. Hlutfall ungfugla er hátt í fjölgunarárum (80% eða hærra) og lægra í fækkunar- eða stöðunarárum (60-70%). Aldurshlutföll í veiði hafa verið rannsökuð með hléum frá árinu 1963. Á veiðitíma 1994 voru athugaðir 6.752 fuglar, 11.923



1. mynd Fjöldi karra á 6 talningasvæðum á Norðausturlandi 1981 til 1996.

fuglar 1995 og þegar þetta er skrifað eru komnir inn 3.300 fuglar frá veiðitíma 1996. Fuglar á fyrsta hausti voru 81% á veiðitíma 1994, 82% 1995 og 81% 1996. Svo hátt hlutfall ungfugla (yfir 80%) finnst aðeins í fjölgunarárum.

NIÐURSTÖÐUR VÖKTUNAR 1996

Vortalningar sýna að rjúpnastofninn hefur verið litill síðustu ár miðað við oft áður. Greinilegt er þó bæði á talningum og aldurssamsetningu stofnsins að rjúpum er að fjölga og allar líkur eru á að þessi fjölgun haldi áfram árið 1997.

Ólafur Karl Nielsen



ÓLAFUR KARL NIELSEN NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



Merkingar eru þýðingarmikill liður í rjúpnarannsóknum, þær gefa hugmynd um afföll og ferðalög fuglanna. Því er mikilvægt að veiðimenn standi skil til Náttúrufræðistofnunar á öllum þeim merktu rjúpum sem þeir endurheimta. Á bls. 18 má lesa um hvernig menn ganga frá endurheimtum, en rétt er að ítreka að ef um merktar rjúpur er að ræða er ágætt að láta höfuð fuglsins fylgja með merkinu. Þetta er gert til að kyingreina rjúpuna. Hér er rétt að nota tækifærið og greina í stuttu máli hve mikið hefur verið merkt af rjúpum og nokkur orð um ferðalög þeirra.

5.000 RJÚPUR MERKTAR

Efitt hefur reynt að ná rjúpum til merkinga því um það


leyti sem ungarnir eru orðnir nógu stórir til að bera merki eru þeir fullfleygir. Frá upphafi fuglamerkinga á Íslandi 1923 til og með 1993 voru merktar 3.800 rjúpur, sem er lítið miðað við hversu algeng rjúpan er. Verulegt átak hefur verið gert í rjúpnamerkingum á síðustu árum og 1994 voru merktar 287 rjúpur, 476 árið 1995 og skýrslur eru komnar inn fyrir um 500 fugla 1996, eða um 1260 fuglar á síðustu þremur árum. Mikið hefur komið inn af endurheimtum og af 287 fuglum merktum 1994 voru 54 (19%) skotnir sama haust og af 476 fuglum merktum 1995 voru 58 (12%) skotnir sama haust.

FERÐALÖG RJÚPUNNA


Ferðalög hafa mest verið innan sveitar en fáeinir fuglar

ferðast lengra (100-200 km). Sem dæmi um hversu stutt rjúpunar fara má skoða ferðalög Hríseyjarrjúpna (*mynd 1*). Þétt

rjúpnavarp er í Hrísey en allur fugl fer úr eyinni á haustin. Endurheimtur sýna að fuglar eru í fjöllumum austan og vestan megin



Mynd 1. Dreifing Hríseyjarrjúpna frá merkingarstað, aðeins eru sýndir fuglar sem voru skotinir (69 rjúpur). Fuglarnir voru merktir á árunum 1994 og 1995. Þrír fuglar, tveir skotinir á Öxnadalshéiði og einn í Skagafirði, eru ekki sýndir.



Mynd 2. Staðsetningar rjúpunnar 402, sem er karri á fyrsta hausti, í Úlfarsfelli 3. október til 30. desember 1995.

fjarðar, örfáar fara lengra. Hliðstæðar niðurstöður hafa fengist með því að elta radíómerktá fugla vetrarlangt, þ.e.a.s. fuglarnir flakka fram og til baka um afmörkuð heimasvæði sín allan veturinn (*mynd 2*).

Að síðustu vil ég hvetja alla þá

sem liggja með rjúpnamerki eða vita um merki hjá öðrum að hafa samband við Náttúrufraeðistofnun. Árangur þessara rannsóknna veltur á góðum skilum merkja.

Ólafur K. Nielsen



KARL SKÍRNISSON, DÝRAFRÆÐINGUR TILRAUNASTÖÐINNI KELDUM



Norskar og skoskar rannsóknir hafa sýnt að fjallrjúpan hýsir fjölmargar tegundir sníkjudýra. Líklegt er að margar þeirra sé einnig að finna í rjúpum hér á landi. Hér er um að ræða sníkjudýr sem lifa í meltingarvegi, tegundir sem halda til í vefjum líkamans og sníkjudýr sem lifa í blóðrás en þau eru borin á milli með skordýrum sem nærast á blóði.

Þekking á sníkjudýrum í íslenskum rjúpum hefur verið heldur glöppótt. Nýverið styrkti Veidikortasjóður rannsókn sem hafði það markmið að kanna hvaða sníkjudýr væru algeng í meltingarfærum rjúpna hér á landi. Athuginin var gerð á Tilraunastöðinni á Keldum. Nokkrir veiðimenn voru bednir um að safna þörmum og botnlöngum úr rjúpum. Alls

bárust þessi líffæri úr 93 fuglum sem veiddir voru á sjö stöðum á landinu og var leitað í þessum efnivið að einfrumungum og ornum með hefðbundnum aðferðum.

SEX TEGUNDIR FUNDUST

Sex tegundir sníkjudýra fundust; tvær tegundir hnísla (einfumungar), tvær tegundir þráðorma og tvær tegundir naglúsa. Algengasta sníkjudýrið var hnísill sem tilheyrir ættkvíslinni Eimeria en um helmingur rjúpnanna var með þetta sníkjudýr. Önnur, mun smærri Eimeria tegund fannst í einum fugli. Ekki er vitað, enn sem komið er, hvaða tegundir eru hér á ferðinni. Önnur þráðormstegundin (*Capillaria caudinflata*) lifir í smáþörmum og fannst hún í

þriðju hverri rjúpu sem var skoðuð. Meðalsýking var 37 ormar, flestir voru þeir 340 í einum fugli. Menn vissu raunar áður af þessum hárosmi hér á landi því Norðmenn geta um tilvist hans í íslenskum rjúpum þegar árið 1928. Hinn þráðormurinn er nefndur botnlangormur (*Trichostrongylus tenuis*) en hann fannst í 12% fuglanna. Ormarnir voru yfirleitt fáir.

Þýski fuglafræðingurinn Günter Timmermann greindi tvær tegundir naglúsa á íslenskum rjúpum árið 1935. Um var að ræða tegundirnar *Goniodes lagopi* og *Lagopoecus affinis*. Naglús fundust stundum í þessari rannsókn innan um fæðuleifar í

meltingarvegi rjúpna sem höfðu verið að snyrta fiður sitt skömmu áður en þær voru veiddar og höfðu greinilega etið af sér óværuna.

Þótt sex tegundir rjúpna-sníkjudýra séu nú komnar á skrá á Íslandi er öruggt að frekari athuganir munu leiða í ljós að þessi listi er í raun lengri. Áhugi er á að kanna sníkjudýr rjúpna betur á næstu árum og í framhaldi af þeim athugunum þyrfti að rannsaka hvort þessi sníkjudýr hafa einhver áhrif á viðgang rjúpnastofnsins. Í þessu sambengi skal það nefnt að það er vel þekkt erlendis að bæði hníslar og botnlangormurinn draga rjúpur iðulega til dauða.



Þeir útbúa sig
 í veiðihorninu
 á Lönsbakka
 og ég er
 ánægður
 með minn hlut.




VEIÐIHORNIÐ

LÖNSBAKKA • SÍMAR 463 0321, 463 0326



Aldurs og kyn- greining rjúpu

Myndir og textar eru úr bókinni
„Skotveiðar í íslenski náttúru“ eftir Ólaf E. Friðriksson.
Birt með leyfi Bókaútgáfunnar Iðunnar.





Mynd 1. Kyngreining rjúpu

Auðvelt er að greina á milli kynja síðari hluta vetrar, því karrarnir eru með áberandi rauða kamba fyrir ofan augun og dökka tauma sem liggja frá nefrótum aftur fyrir augu. Á kvenfuglum má stundum sjá votta fyrir báðum þessum sérkennum þótt þau séu aldrei jafnáberandi og hjá körrunum.

Mynd 2. Aldursgreining á rjúpu.

Vængfjaðrir af fullorðnum fugli að ofan og af unga að neðan. Vængfjaðrir unga þekkjast á því að þær eru mjótri til endanna og tvær ystu fjaðrirnar eru með dökkum flikrum sem ekki sjást á fjöðrum fullorðinna fugla.



Vængir veita upplýsingar


NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur undanfarin ár verið safnað vængjum af rjúpum, öndum og gæsnum frá veiðimönnum. Vængirnir gefa mikilvægar upplýsingar um stofna þessara veiðidýra sem nýtast við rannsóknir á ástandi þeirra. Þær upplýsingar sem fást eru hlutföll ungfugla í veiðinni sem aftur gefur vísibendingu um hvernig varp heppnaðist sumarið fyrir veiðitímann og breytingar á þessum þætti milli landshluta. Hjá öndum má einnig sjá kynjahlutfall í veiðinni.

Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur veiðimenn til að senda inn vængi af fuglum ofangreindra tegunda og leggja þannig rannsóknnum á stofnum veiðidýra lið. Þegar búið er að greina vængina verða niðurstöður teknar saman og þáttakendur fá skýrslu. Vilji menn senda inn vængi er

eingöngu hægrri vængur klipptur af. Menn eru beðnir að flokka sýnin eftir svæðum samanber meðfylgjandi kort. Hjá rjúpunni nægir að klippa vænginn af við olnboga þannig að handflugfjaðrimar fylgi með. Hjá öndum og gæsnum er aftur á móti best að fá sem mest af vængnum því axlarflugfjaðrir eru notaðar til greiningar. Ef vængirnir eru geymdir áður en þeir eru sendir er best að geyma þá lausa þannig að þeir þorni en alls ekki í plasti því þá úldna þeir og mygla. Gott er þó pósthjónustunnar vegna að pakka þeim í plast fyrir sendingu.

Vængina á að senda til Arnórs Þ. Sigfússonar (endur og gæsir) eða Ólafs K. Nielsen (rjúpur), Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 - Reykjavík.



FUGLAMERKI

HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?

Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lífnaðarhætti þeirra, ferðir, lífslengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthöfundur merkingastöðvar og raðtala, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlítill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttara aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnunar Íslands

Fuglamerkingar

Pósthólf 5320

IS-125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merkta fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu. Ef fuglinn er merktur með radíósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hveurrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrottinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

*Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,
Náttúrufræðistofnun Íslands
sími 562 9822, símbréf 562 0815*

HAGLASKOTIN
hraðfleygu frá



Sportvörugærdin
Mávahlíð 41, s. 562 8383

Veiðistaður: _____ dags. _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtafs

Veiðistaður: _____ dags. _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtafs

Veiðistaður: _____ dags. _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtafs

Veiðistaður: _____ dags. _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtafs

Veiðistaður: _____ dags. _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtafs

Veiðistaður: _____ dags. _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtafs



Veðistaður: _____ dags.
 Landeigandi: _____ sími:
 Vindátt: _____ Úrkoma:
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	sanntals

Veðistaður: _____ dags.
 Landeigandi: _____ sími:
 Vindátt: _____ Úrkoma:
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	sanntals

Veðistaður: _____ dags.
 Landeigandi: _____ sími:
 Vindátt: _____ Úrkoma:
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	sanntals

Veðistaður: _____ dags.
 Landeigandi: _____ sími:
 Vindátt: _____ Úrkoma:
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	sanntals

Veðistaður: _____ dags.
 Landeigandi: _____ sími:
 Vindátt: _____ Úrkoma:
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	sanntals

Veðistaður: _____ dags.
 Landeigandi: _____ sími:
 Vindátt: _____ Úrkoma:
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	sanntals



Veiðistaður: _____ dags. _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtals



Beretta
dal 1526



**clever
mirage**



SIMMONS





HOPPE'S



ÍS NES HF.
Höfðabakka 9c
112 Reykjavík
Sími: 587-9090
Fax: 587-9590

VEIÐITÖLUR

	KK		KVK		Veiðitölur 1995	Áætiud stærð stofns Varppör nema *og**
	Ung.	Fullu.	Ung.	Fullu.		
Svartbakur					35.706	50.000
Sílamáfur					22.317	25.000
Silfurmafur					5.998	4.000
Hrafn					7.098	2.500
Grágæs					35.191	83.000 *
Heiðagæs					10.634	200.000 *
Fýll					8.059	1-2 millj.
Díflaskarfur					2.550	2-3.000
Toppskarfur					5.071	8-9.000
Blesgæs					3.237	32.000 *
Helsingi					1.876	32.000 *
Stökkönd					9.807	10-15.000
Urtönd					1.033	3-5.000
Rauðhöfðaönd					684	4-6.000
Duggönd					101	4-6.000
Skúfönd					126	6-8.000
Hávella					2.020	1-3.000
Toppönd					488	2-4.000
Hvítmafur					3.942	8.000
Hettumáfur					2.958	25-30.000
Rita					1.371	900.000
Súluungar					707	23.000
Álka					18.210	380.000
Langvía					52.428	990.000
Stuttnefja					15.098	580.000
Teista					3.422	20-30.000
Lundi					214.687	2-3 millj.
Rjúpa					122.461	50-100.000
Kjói					2.613	5-10.000
Refur					3.674	3.900 *
Minkur					6.325	>3.500 *
Hreindýr					329	2.500 *

*Fjöldi fugla snemma veturs
 **Fjöldi dýra að vori

VEIÐITÖLUR

Friðud svæði þar sem veiðar eru bannaðar eða takmarkaðar

Á eftirtöldum svæðum sem eru friðud skv. lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd eru allar veiðar bannaðar, nema annars sé getið. Allar nánari upplýsingar um svæðin er að finna í viðeigandi auglýsingum í B-deild Stjórnartíðinda.

Sérstök athygli veiðimanna er vakin á því að þó að veiðar séu heimilar á friðudum svæðum þer að afla leyfis landeigenda.

Veiðimenn eru minntir á reglur um akstur utan vega, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 433/1993.

Svæði	augl. nr.	athugasemdir
Ástjörn	189/1978	
Borgir	269/1981	
Búðahraun	357/1979	
Böggvissstaðafjall	432/1994	rjúpnaveiðar eru heimilar.
Dfma í Lóni	523/1975	
Dverghamrar	446/1987	
Dyrhólaey	101/1978	hlunnindanýting bænda er heimil.
Eldey	119/1974	
Esjufjöll	188/1978	
Flatey	395/1975	bændum er heimilt að bægja frá vargi.
Geitland	283/1988	
Gróttá	13/1984	
Gullfoss	141/1979	
Hamarinn	188/1984	
Herdísarvík	121/1988	
Herðubreiðarfriðland	272/1974	meindýraveiðar bænda eru heimilar.
Hornstrandir	332/1985	
Hólmanes	393/1973	meindýraveiðar til varnar æðavarpi eru heimilar.
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Hrísey	425/1977	meindýraveiðar til varnar æðavarpi eru heimilar.
Hrútey í Blöndu	521/1975	meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
Húsafellsskógur	217/1974	
Hvannalindir í Krepput.	32/1973	
Ingólfshöfði	388/1978	
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Kringilsárrani	524/1975	
Lónsöræfi	31/1977	réttur landeigenda er óskertur til veiða.
Melrakkaey	118/1974	
Miklavatn	29/1977	eyðing meindýra er heimil.

Fólkv. Neskaupsstaðar	333/1972	eyðing meindýra er heimil með leyfi Náttúruverndarnefndar Neskaupsstaðar.
Oddaflóð	634/1994	fuglaveiðar eru óheimilar.
Ósland	427/1982	eyðing meindýra er heimil samkvæmt ákvörðun stjórnar fólkvangsins.
Pollengi og Tunguey	457/1994	fuglaveiðar eru óheimilar.
Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	eyðing meindýra er heimil.
Skaftafell	319/1984	
Skógafoss	477/1987	
Skúður	513/1995	ábúenda er heimil hlunnindanýting.
Spákonufellshöfði	444/1980	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	fuglaveiðar eru óheimilar.
Surtsey	122/1974	
Friðland í Svarfaðardal	443/1980	fuglaveiðar eru óheimilar.
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	fuglaveiðar eru óheimilar.
Varmárósar	506/1987	
Vatnsfjörður	96/1975	fuglaveiðar eru óheimilar nema með sérstöku leyfi.
Vestmannsvatn	30/1977	eyðing meindýra er heimil.
Víghólar	778/1981	
Þingvellir	lög nr. 59/1928	meindýraveiðar eru heimilar.
Þjórsárver	507/1987	



ELEY

HAGLASKOTIN

Hámarks gæði

Lágmarks verð


Sportvörugerðin, Mávahlíð 41, s. 562 8383

FRIDLÝST SVÆÐI

1. desember 1995

FRIDLÝST SVÆÐI

FRIDLÝST SVÆÐI



Áskorun frá Skotveiðifélagi Íslands til veiðimanna

Hvað verður um 2 milljónir skothylkja í íslenskri náttúru ?

Enginn veit nákvæmlega hversu mikið af skotum eru flutt inn til Íslands. Skotið hefur verið á að það sé á bilinu 1,5 - 2 milljónir skota. Hvað verður um þessi skot? Vonandi taka sem flestir veiðimenn tömu skothylkin með sér til baka. Það er pláss fyrir þau á leið á veiðistað og þess vegna er pláss fyrir þau aftur heim. Þegar gengið er um öræfi Íslands er fátt ógeðfældara en að finna gamalt, notað skothylki. Það er í raun nokkurs konar nafnspjald sem segir að á þessum stað hafi skytta verið á ferð. Sama má segja um það þegar bændur hirða akra sína og tún og finna í botnum skurða og á skurðbörmum gömul og ryðguð skothylki, þar hafa gæsaskyttur legið fyrir gæs. Skothylki úr hagla- byssum eru nú aðallega úr plasti og þetta plast eyðist afar seint. Mörg- um árum jafnvel áratugum eftir að skytta hefur verið á ferð liggja skot- hylki eftir hana á víðavangi. Það er argasti sóðaskapur að skilja eftir notuð skothylki út í náttúrunni og kemur óorði á íslenska veiðimenn. Þegar við erum að veiðum þá erum við ekki síður að njóta fegurðar og kyrrðar. Allir þessir þættir eru samofnir. Það hafa engir skilið þessi litauðugu skothylki eftir upp til fjalla eða við tjarnir og ár nema skytt- urnar. Skotveiðifélag Íslands skorar á alla skotveiðimenn að taka með sér öll notuð skothylki aftur heim, sín eigin og annarra. Það er hagur okkar allra.

Skotveiðifélag Íslands er til húsa við Laugaveg 103 4. hæð, 105 Reykjavík. Félagið hefur yfir starfsmanni að ráða og er skrifstofan opin þriðjudaga og fimmtudaga klukkan 13:00 - 17:00. Síminn á skrif- stofunni er 551 4574 og faxnúmerið er 551 4584. Á skrifstofunni er tekið við skráningu nýrra félaga og einnig má fá þar allar nánari upplýsingar um starfsemi og markmið félagsins.

Sigmar B. Hauksson formaður SKOTVÍS



ARNOR ÞÓRIR SIGFUSSON NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



Í febrúar 1995 var stofnuð ný staða við Náttúrufræðistofnun Íslands í rannsóknum á veiðifuglum. Ákveðið var að leggja fyrst áherslu á rannsóknir á öndum og gæsum sem eru vin- sælir veiðifuglar hér á landi.

MARKMIÐ

Langtímamarkmið þessara rannsókna á öndum og gæsum er að gera sér grein fyrir ástandi veiðistofna, stofnvistfræði, veiðipóli þeirra og veiðipunga. Afla þarf gagna um stofnstærð eða stofnvísitölu, varpþætti, dánartíðni af völdum veiða og annarra þátta auk þess að greina veiði eftir aldri og kyni eftir því sem tók eru á. Að fengnum þessum upplýsingum má gera hermilíkon fyrir hina einstöku stofna þar sem hægt er að spá

fyrir um hvaða áhrif breytingar á mismunandi stofnþáttum hafa á þróun stofnstærðar. Slík hermi- líkon eru mikilvæg tæki til að stjórna nýtingu úr dýrastofnum eins og menn þekkjá frá stjórnun fiskveiða hér á landi.

STOFNSTÆRÐ OG VÖKTUN

Stofnar gæsa hafa verið taldir á vetrarstöðvum þeirra á Bretlandseyjum undir stjórn The Wildfowl and Wetlands Trust. Í byrjun vetrar á hverju ári eftir að heiðagæsir og grágæsir hafa yfirgefið Ísland eru stofnarnir taldir við náttstaði um allar Bretlandseyjar á sama tíma (sjá mynd). Blesgæsa- og helsingja- stofnarnir eru taldir á sama hátt en ekki á hverju ári. Jafnframt eru hlutföll unga í stofninum mæld auk fjölskyldustærða. Vegna

Þessa eru stofnstærð og stofnstærðarbreytingar gæsa nokkuð vel þekktar. Öðru máli gegnir um endur hér á landi. Þar sem endur eru mun dreifðari fuglar en gæsir er nær útlokað að telja stofna þeirra með heildartalningu. Því verður að beita annarri aðferð, svokallaðri vöktun, sem felst í því að telja hluta stofnsins á ákveðnum svæðum árlega og fá þannig vísitölu yfir stofninn. Með vöktun má því fá upplýsingar um breytingar á stofnstærð án þess endilega að þekkja stofnstærðina. Önnur aðferð við vöktun veiðistofna er að skoða veiðiskýrslur en með þeim má einnig fá hugmynd um breytingar á stofnum ef gert er ráð fyrir að veiðiátak sé nokkurn veginn stöðugt.

Vöktun á andastofnum hefur verið í gangi við Mývatn síðan á sjöunda áratugnum og er henni stjórnað af Rannsóknarstöðinni við Mývatn. Á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands er nú verið að velja svæði í öðrum landshlutum til vöktunar á öndum, bæði á vorin með sömu aðferðum og notaðar eru við Mývatn, og einnig að vetri til.

MERKINGAR

Merkingar eru mikilvægt tæki við rannsóknir á fuglum. Með merkingum má fá upplýsingar bæði um ferðir fugla innanlands og far milli landa. Þá eru merkingar á ungum oft eina leiðin til að komast að því hve háum aldri hinar ýmsu tegundir ná, auk þess sem þær gefa upplýsingar um aldur við varp. Einnig geta merkingar gefið ýmsar aðrar stofnvistfræðilegar upplýsingar s.s. um dánartíðni, hlut hinna ýmsu dánarorsaka, aldursdreifingu í stofni, stofnstærð og fleira.

Með merkingum og veiðum má áætla stofnstærð fugla. Fjöldi merktra einstaklinga er þekktur og ef ganga má út frá því að hlutfall merktra og ómerktra fugla í veiðinni sé það sama og í stofninum má reikna stofnstærðina út með einfaldri þríliðu. Forsendur slíks útreiknings eru þó þær að merktir einstaklingar séu jafndreifðir um stofninn og að líkur á að þeir veiðist séu hinar sömu og ef um ómerkta fugla væri að ræða. Mjög erfitt getur verið að uppfylla þessi skilyrði, sérstaklega það fyrrnefnda að merktir

einstaklingar séu jafndreifðir um stofninn. Því er þessi einfalda aðferð oft ónothæf nema við þær aðstæður þar sem stofn er afmarkaður á tiltölulega litlu svæði. Ef hins vegar dánartíðni af völdum veiða er þekkt og fyrir liggja upplýsingar um magn veiði úr stofni, má reikna stofnstærðina út með öryggismörkum. Loks má nefna að með stöðugum merkingum allra aldurshópa og endurheimtum yfir langt tímabil má reikna út dánartíðni fugla-tegunda. Slíkt útheimtir flóknar tölfraðilegar aðferðir sem ekki verður lýst nánar hér.

Mikil áhersla er á merkingar í rannsóknunum. Náttúrufræðistofnunar á veiðifuglum. Á síðasta ári var aðaláherslan á merkingar á gæsum. Um 440 heiðagæsir og um 150 grágæsir voru merktar með ígröfnum plasthringjum sem settir eru um háls fullorðinna fugla eða fætur unga, en þessa hringi má lesa með sjónaukum og án þess að fanga eða drepa fuglana. Þessar merkingar eru unnar í nánu samstarfi við The Wildfowl and Wetlands Trust, en leiðangur á þeirra vegum kom hingað til lands á síðasta ári til samstarfs við merkingarnar auk

þess sem þeir gangast fyrir merkingum á íslenskum gæsum á Bretlandseyjum. Auk þessa voru um 100 endur merktar en árið 1997 er áætlað að leggja aukna áherslu á andamerkingar auk þess sem áfram verður haldið með gæsamerkingar.

VARPÁRANGUR

Athuganir á varpárangri felast í því að mældur er eggja-fjöldi í hreiðri, fjöldi unga á kvenfugl eða par á nokkrum þroskastigum og loks hlutfall ungfugla í vetrarstofni þegar ungar eru orðnir fleygir. Með þessum athugunum má áætla afföll á hinum ýmsu stigum varps og fá fram breytileika á milli ára en breytileikinn er mikilvægur þáttur í gerð stofnlíkana. Einnig er vængjum af öndum og gæsum safnað frá veiðimönnum til aldursgreiningar, en með því má greina hlutfall unga í veiðinni.

HLUTVERK SKOTVEIÐIMANNA


Rannsóknir á veiðistofnum fugla byggja að mörgu leyti á góðu samstarfi við skotveiðimenn og aðra áhugamenn um fugla.

Fuglamerkingar eru stundaðar að miklu leyti af áhugamönnum og við gæsamerkingar Náttúrufræðistofnunar aðstoðuðu skotveiðimenn auk annarra. Það er mjög mikilvægt að veiðimenn skili inn upplýsingum um merкта fugla sem þeir veiða því það er ein af meginforsendum rannsókna með merkingum að merkin skili sér.

Aldursgreiningar á öndum og gæsnum byggja á því að veiðimenn séu duglegir við að senda inn vængi. Enn vantar á að nægjanlegt magn andavængja berist en mun meira magn berst af gæsavængjum. Veiðimenn eru því beðnir um að höggva annan vænginn, t.d. þann hægri, af og senda til Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nánari útlistun er á bls. 16 í bókinni. Í staðinn fá þeir senda skýrslu sem gefin verður út árlega um niðurstöður aldursgreininga. Skotveiðimenn geta einnig aðstoðað með því að skrá niður staðsetningu gæsa- og andahreiddra sem þeir finna ásamt fjölda eggja í hreiðrinu og senda til Náttúrufræðistofnunar. Til að þessar upplýsingar nýtist þurfa menn þó að vera vissir um tegundagreiningu, sérstaklega hjá

öndum og skrá aðeins ef menn eru vissir um tegundina. Að lokum er samviskusamleg skráning á veiði mikilvægt tæki fyrir rannsóknir og ekki síður fyrir veiðimenn sjálfa því góð veiðidagbók getur reynst eitt besta veiðitæki veiðimanns.

Arnór Þórir Sigfússon



Línurit 1. Línuritið sýnir stærð gæsastofna að hausti á árunum 1950 til 1994

Boð og bönn!

ÚRDRÁTTUR ÚR LÖGUM UM VEIÐAR

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994 er umhverfisráðherra veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr.456/94.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en er ekki í

reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögnum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu veiðistjóraembættisins www.nattfs.is/veidi Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.

www.nattfs.is/veidi

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyki.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fyls- súlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku-, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í áti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótþoga eða gildrur.
8. Rafbúnað sem getur drepíð eða rotað.

9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.

10. Ljósgjafa.

11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.

12. Spegla eða annan búnað sem blindar.

13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatekjum er stækka eða breyta ímyndinni.

14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálfjálfvirk með skothlykjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.

15. Lifandi dýr sem bandingja.

16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.

17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur.

Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra. Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m

og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmáfs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjist ekki fyrir en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl.** Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

Veiðiár telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Veiðistjóraembætti er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu hér til hliðar.

Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.

Tegund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Veiðitími
Svarbakur													Allt árið
Sílamáfur													Allt árið
Silfurmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.8. til 15.3.
Heiðagæs													20.8. til 15.3.
Fýll													1.9. til 15.3.
Dílaskarfur													1.9. til 15.3.
Toppskarfur													1.9. til 15.3.
Blesgæs													1.9. til 15.3.
Helsingi													1.9. til 15.3.
Stökkönd													1.9. til 15.3.
Urtönd													1.9. til 15.3.
Rauðhöfðönd													1.9. til 15.3.
Duggönd													1.9. til 15.3.
Skúfönd													1.9. til 15.3.
Hávella													1.9. til 15.3.
Toppönd													1.9. til 15.3.
Hvítmáfur													1.9. til 15.3.
Hettumáfur													1.9. til 15.3.
Rita													1.9. til 15.3.
Álka													1.9. til 10.5.
Langvía													1.9. til 10.5.
Stuttnefja													1.9. til 10.5.
Teista													1.9. til 10.5.
Lundi													1.9. til 10.5.
Rjúpa													15.10. til 22.12.
Kjóí													15.4. til 14.7.

Aðeins í og við friðlýst æðarvarp



SIGMAR B. HAUSSON FORMAÐUR SKOTVÍS

Það er skylda allra veiðimanna að nýta þá bráð sem þeir fella til hins ýtrasta. Snar þáttur í ánægju allra sannra veiðimanna er að matreiða bráðina, enda er íslensk villibráð mikið ljúfmeti. Það mun tíðkast á meðal ýmissa veiðimanna, þó aðallega fyrst á gæsveiðitímanum, að hirða aðeins bringurnar úr ungfuglinum, hinu er hreinlega kastað. Að mínu mati er þetta hálfgerð villimennska sem ekki ætti að líðast þó ugglaust stafi þetta að einhverju leyti af vankunnáttu. Satt best að segja má gjörnýta alla gæsina. Lærin má t.d. salta, en sölt gæs er vinsæll réttur á meðal Dana og Svía og kalla þeir þennan rétt „sprengda gæs“. Lærin eru sem sagt tekin og reytt eða hamflett og hreinsuð eins vel og tök eru á. Blandið svo saman:

2 dl. gróft salt.

1 dl. sykur

1 msk. grófm. svört piparkorn

2 - 4 læri (fer eftir stærð) eru sett í vel þéttan plastpoka og þau hulin með saltblöndunni. Lærin eru svo höfð á neðstu hillunni í ís-skápnunum eða á köldum stað í 4 - 6 daga, 3 - 4 daga ef lærin eru hamflett. Að þeim tíma liðnum er mesta saltið skafið af þeim og þau síðan fryst ef menn vilja. Matreiðslan fer þannig fram (hér er miðað við 4 læri):

Teningur af kjúklingakrafti er leystur upp í 1 lítra af vatni í potti. Þegar vatnið fer að sjóða eru 6 - 8 einiber sett í pottinn, 6 hvít piparkorn og eitt lárviðarlauf. Áður en lærin eru soðin er gott að skera í kringum liðinn á milli leggjar og læris og draga sinarnar úr, það er þó ekki nauðsynlegt, nægjanlegt er að skera á sinarnar.

Lærin eru svo soðin í pottinum við vægan hita í 90 mínútur. Að þeim tíma loknum eru þau látin kólna í soðinu, gjarnan yfir nótt. Lærin eru frábærlega góð ofan á brauð eða með kartöflusalati. Þá er gott að úrbeina þau og bera þau fram með bræddu smjöri og rifinni piparrót.

GÆSA OG ANDAVÆNGIR

Í Frakklandi kallast gæsa- og andavængir MANCHONS og þykja mjög ljúffengir. Hér er átt við beinið og vöðvann sem er upp við bolinn þegar búið er að höggva vænginn frá. Þessi biti er fírna góður til átu þó lítil sé, en hann er drjúgur. Hér kemur uppskrift frá Frakklandi sem er svohljóðandi.

8 vængbein (af 4 gæsum)

3 bollar eða 4 dl. af hvítum baunum (baunirnar eru látnar liggja í bleyti yfir nótt)

200 g. niðursoðnir tómatar

1 fint saxaður laukur

4 hvítlauskrif skorin í sneidar

1 gróft hökkuð gulrót

2 stíklar sellerí skornir í sneidar

1 tsk timian

1 tsk basil

salt og pipar

1 dl. söxuð steinselja

Vængbeinin steikt í potti í blöndu af smjöri og matarolíu. Þá er grænmetið sett í pottinn, nema steinseljan, og steikt þar til laukurinn er orðinn mjúkur. Baunirnar eru settar í pottinn og vatni hellt í hann þar til flytur vel yfir baunirnar. Þegar suðan kemur upp er froðan sem þá myndast veidd ofan af. Rétturinn er nú látinn sjóða í 60 mínútur við vægan hita, þá er hann kryddaður með timian, basil og pipar. Rétturinn er svo látinn sjóða í 45 mínútur í viðbót en þá er saltinu bætt í hann og steinseljunn. Nú er þessi matarmiklli réttur tilbúinn. Hann er borinn á borð í djúpum diskum og gott er að hafa gróft brauð með honum.

Það tekur nokkurn tíma að útbúa þessa rétti en það er ekkert mál að geyma þá í frysti og er tilvalið að taka þennan kjarnmikla mat með sér í næstu veiðiferð.

GÆSALIFUR AÐ HÆTTI SKYTTUNNAR

Gæsaliður þykir mikill sælkeramatur í Frakklandi, Ungverjalandi og víðar. Gæsir eru þar mataðar með valdi ef svo má segja, og þykir mörgum samtökum náttúrufríðarsinna það

Aldursgreining gæsa

Myndir og textar eru úr bókinni
„Skotveiðar í íslenski náttúru“ eftir Ólaf E. Friðriksson.
Birt með leyfi Bókaútgáfunnar Iðunnar.



Mynd 1. Vængir af ungrri og fullorðinni gæs.
Auðvelt er að aldursgreina grágæsir og hciðagæsir á vængbökufjöðrunum, sem eru ljósu fjaðrirnar ofan við dókkar flugfjaðrirnar. Vængurinn vinstra megin er af fullorðnum fugli og það sést að vængbökufjaðrirnar eru þverstýfðar í endann og ljósar í jaðrana. Vængbökufjaðrir ungfugla eru á hinn bóginn yddar í endann og ekki með jafnaberandi ljósum jöðrum eins og sjá má á vængnum hægra megin.

óhæfa. Lifur úr villtri gæs er mun minni en úr þessum sérstöku aligæsum en bragðmeiri og betri. Nauðsynlegt er að taka lifrina úr gæsinni innan sólarhrings eftir að hún er skotin. Lifrarnar eru skolaðar úr vel söltu vatni, þær mega ekki liggja í saltvatninu, það á bara að skola þær. Hér kemur auðveld uppskrift sem ekki bregst. Það sem þarf er lifur úr 8 gæsum. Þá þarf einnig:

1 grænt epli

1 dl balsamikedik

1 msk sítrónusafi

pipar og salt

Eftir að búið er að þvo lifrarnar í saltvatni eru þær þerraðar. Þá eru þær settar í balsamikedikið og


látar liggja í því í klukkutíma, einnig má nota rauðvín en þá þarf 1 1/2 dl af því. Balsamikedikið er þó betra. Græna eplið er skorið í þunna geira - hver geiri þykkastur 2 cm. Eplageirnir eru svo léttsteiktir í smjöri á pönnu, þó ekki meira en 30 sekúndur á hvorri hlið. Undir lokin er 1 msk af sítrónusafa hellt á pönnuna. Þá eru lifrarnar léttsteiktar í smjöri á pönnu og kryddaðar með salti og pipar. Eplaskífunum er raðað á 4 diska og lifrunum raðað ofan á þær. Þessi uppskrift kemur frá frægustu matreiðslukonu heims, LEU LINSTOR í Luxemburg.

Gangi ykkur vel!
Sigmar B. Hauksson

Skrifstofan er flutt!


Nýtt heimilisfang er:

Laugavegur 103 4. hæð
101 Reykjavík.
sími. 551 4574
bréfsími. 551 4584
Skrifstofan er opin
þriðjudaga og fimmtudaga
frá 13-17



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

HVER GÆTIR HAGSMUNA ÞINNA?



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

Laugavegi 103, 4. hæð, 105 Reykjavík, sími. 551 4574 bréfsími. 551 4584
Skrifstofan er opin þriðjudaga og fimmtudaga frá 13-17

Veiðikortakerfið

Veiðikortakerfið hefur nú verið í gildi á Íslandi í tvö ár. Kerfið hefur nú slitið barnsskónum og er að taka á sig endanlega mynd. Í heild má segja að vel hafi tekist til. Fugla- og dýrafræðingar hafa nú í fyrsta sinn veiðitölur til að styðjast við er þeir meta ástand stofna og sjóð til að sækja í rannsóknafé. Í upphafi var gert ráð fyrir að veiðikorthafar yrðu á bilinu 5-10.000 hið mesta. Raunin er sú að veiðikorthafar í dag eru um 14.200 og fjölgar stöðugt. Í byrjun var líka gert ráð fyrir því að einn starfsmaður gæti annað þessu kerfi en nú hefur verið bætt við ritara í 50% starf og raunveruleikinn er þannig að í janúar-mars eru fjórir starfsmenn meira eða minna að vinnu við kerfið. Þetta er nauðsynlegt því mikilvægasti þátturinn í kerfinu er að fá sem bestar upplýsingar um veiði landsmanna. Góð þjónusta

við veiðimenn er lykillinn að góðum skilum á veiðiskýrslum á réttum tíma. Gagnrýnisráddir hafa heyrst um að kerfið kosti of mikið og of lítið renni í rannsóknasjóð. Því er til að svara að það er auðvelt að spara í þessu kerfi c.a. 1-1,5 millj. með því að skera niður þjónustustigið en skilar það meiri fjármunum til rannsókna?. Það er vafamál. Ef veiðikorthöfum myndi fækka um 1.000 við þann niðurskurð á þjónustu þá myndi innkoman minnka um 1,5 milljón og niðurskurðurinn væri þar með fyrir gýg unninn. Veiðitölur yrðu líka óáreiðanlegri með færri veiðikorthöfum. Embættið mun halda sínu striki og reyna að gera þetta kerfi sveigjanlegra og auðveldara í notkun fyrir veiðimenn. Hér á eftir er yfirlit yfir rekstur veiðikortakerfisins frá byrjun. Reynt var eftir megni að dreifa byrjunarkostnaði á tvö fyrstu árin.

1995

11.572 umsóknir bárust.
11.516 veiðikort gefin út.
11.208 kort voru greidd.
Innkoman fyrsta árið var
16.8 milljónir.
6.9 millj. fóru í rekstur kerfisins.

1. 4.5 milljónir fóru til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna rannsókna á rjúpu/ Ólafur Karl Nielsen.
2. 850 þúsund fóru til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna rannsókna á öndum og gæsum/ Arnór Þ. Sigfússon.
3. 250 þúsund til Tiraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum vegna athugana á sníkjudýrum í rjúpu/ Karl Skírniisson.
4. 250 þúsund fóru til Háskóla Íslands vegna rannsókna á ref /Páll Hersteinsson.

Óráðstafað 4 milljónir.

Áki Ármann Jónsson,
verkefnisstjóri veiðikorta

1996

12.764 umsóknir bárust.
12.664 veiðikort gefin út.
12.496 kort voru greidd.
Innkoman annað árið var
18.75 millj.
6.9 millj fór í rekstur kerfisins.

1. 5 milljónir fóru til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna rannsókna á rjúpu/ Ólafur Karl Nielsen
2. 1.85 milljónir fóru til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna rannsókna á öndum og gæsum/ Arnór Þ. Sigfússon
3. 845 þúsund fóru til Háskóla Íslands vegna rannsókna á ref /Páll Hersteinsson

Óráðstafað 3.7 milljónir.

Samtals eru því 7.7 milljónir í rannsóknasjóðnum eftir fyrstu tvö árin.

Umhverfisráðuneytið hefur skipað nefnd sem á að sjá um úthlutanir úr sjóðnum. Í henni sitja Sólmundur T. Einarsson fiskifræðingur f.h. Skotvís, Hrafnkell Karlsson f.h. Bændasamtakanna og Skarphéðinn Þórisson f.h. Umhverfisráðuneytisins.

EINSTAKT VERK ÓLAFS E. FRÍÐRIKSSONAR

ÍSLENSK NÁTTÚRA Í ÖNDVEGI

BIBLÍA VEIÐIMANNINS



Hreinn veiðipjarkur



Afkomandi ótal kynslóða



Remington 11-87 Premier,
formfögur og skotvís

Remington®

Umboð á Íslandi:

Veidiland